

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. desember 2012

Efni: Umsögn FA um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 468. mál.

I. ALMENNT

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar dagsett 7. desember þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda (FA) um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (468. mál).

FA gerir nokkrar almennar athugasemdir við frumvarpið:

1. Þrátt fyrir að fjárlagafrumvarp hafi komið fyrir fram en áður skilar það sér ekki í betri og dýpri umfjöllun um tekjuöflun ríkissjóðs. Frumvarp um tekjuöflun er seint á ferð til meðferðar á Alþingi og fékk umræðu í nefnd áður en mælt hafði verið fyrir því. Þetta eykur hættu á villum og fljótaskrift í vinnubrögðum, sem er ámælisvert.
2. Enn skal á það bent að þær fjöldamörgu breytingar sem gerðar hafa verið á skattkerfinu undanfarin misseri flækja það verulega. Flókið kerfi skapar umtalsverðan kostnað fyrir ríkissjóð og ekki síst fyrir notendur kerfisins, fyrirtæki og heimili. Umræða um lága framleiðni í atvinnurekstri á Íslandi er m.a. angi af þessum meiði.
3. FA gerir almenna athugasemd við tekjuforsendur nokkurra liða, en umtalsverðar hækkanir á óbeinum sköttum eru enn á ný í farvatninu. Í einstökum tilvikum er augljóst að há skattlagning og hátt verð breytir neyslumynstri þannig að neysla færir í staðkvæmdarvörur (sem sumar eru á svörtum markaði). Líklegt er að þetta leiði til þess að tekjur af óbeinum sköttum verði minni en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
4. FA telur verðlagsáhrif frumvarpsins vanmetin. Í texta með frumvarpinu kemur fram að verðlag muni hækka um 0,2% af völdum frumvarpsins. Lauslegt mat FA bendir til þess að verðlagsáhrifin séu nær því að vera 0,3-0,35% vegna frumvarpsins (sjá t.d. umfjöllun um hækkun tóbaksgjalds að neðan). Að viðbættum 0,1% verðlagsáhrifum vegna sérstaks frumvarps um breytingar á vörugjöldum gætu því heildarverðlagsáhrif vegna skattabreytinga orðið 0,4-0,45%. Það myndi þýða að verðtryggðar skuldir heimila hækka um u.þ.b. 5 milljarða króna og að auki setja óþarfa pressu á viðræður á vinnumarkaði um framhald kjarasamninga.

II. ATHUGASEMDIR UM EINSTAKA LIÐI

Athugasemdir Félags atvinnurekenda varðandi einstaka liði frumvarpsins eru þessar:

a) Tekjuskattur og eftirgjöf skulda – framlengja þarf bráðabirgðaákvæði

FA vill vekja sérstaka athygli efnahags- og viðskiptanefndar á því að um áramót fellur úr gildi bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga sem kveður á um að eftirgjöf banka á skuldum einstaklinga og fyrirtækja sé ekki skattskyld, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. FA telur mjög mikilvægt að Alþingi framlengi umrætt bráðabirgðaákvæði, en frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum inniheldur ekki ákvæði þess efnis. Staða mála nú er sú að endurútreikningar ólögmætra lánasamninga liggja enn ekki fyrir og enn á eftir að leysa úr ýmsum álitamálum er varða gengislán. Mörg fyrirtæki og heimili eiga því eftir að fá botn í sín mál, m.a. af ástæðum sem þau sjálf hafa ekki stjórn á. Um er að ræða mikið réttlætismál sem varðar jafnræði milli aðila sem þegar hafa fengið eftirgjöf skulda og þeirra sem enn eru í óvissu um lúkningu mála.

b) 20% hækkun á tóbaksgjaldi og tvöföldun gjalds á neftóbak

Vakin er sérstök athygli á því að enginn rökstuðningur er fyrir þessum miklu hækkunum á tóbaksgjaldi, né gert mat á áhrifum þeirra. Aðeins er nefnt að „óeðlilega lágt gjald“ sé af neftóbaki samanborið við annað tóbak. FA gerir alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð. Þótt tóbak sé skaðleg vara samkvæmt reynslu og rannsóknum, gilda sömu sjónarmið um skattlagningu hennar og annarra vara. Byggja þarf á málefnalegum og efnislegum forsendum. Miklar hækkunir á vörum eins og tóbaki hafa leitt til þess í öðrum löndum að vaxandi svartamarkaðsstarfsemi skýtur upp kollinum sem ein af afleiðingunum. Ekki er hægt að fullyrða að svo verði á Íslandi, en eðlilegt er að horft sé til reynslu annarra þjóða í þessum efnum sem og langvarandi reynslu á smygli á tóbaki hingað til lands. Yfirleitt er svartur markaður með tóbak undirstaða fyrir tekjuöflun í skipulagðri glæpastarfsemi. FA telur enn fremur að verðlagsáhrif hækkana séu vanmetið í frumvarpinu. Þótt tóbak vegi eingöngu 1,3% í vísitölu neysliverðs eru áhrif svo mikillar hækkunar óhjákvæmileg. Benda verður á að stór hluti – ríflega 2/3 hlutar - tóbaksverðs eru skattar og álagning ÁTVR. Þessir þættir hækka sjálfkrafa við breytingu á tóbaksgjaldi. Að auki má gera ráð fyrir að álagning smásala sé byggð á prósentuhlutfalli og hækki því samfara breytingunni. FA telur að tóbaksverð hækki um 16-18% vegna hækkunar tóbaksgjalds. Það samsvarar 0,2%-0,24% hækkun vísitölu neysliverðs og myndi hækka höfuðstól verðtryggðra lána heimila um 2,5 til 3 milljarða króna.

c) Verðlagsuppfærsla einstakra gjalda

Félag atvinnurekenda gagnrýnir enn og aftur þá hefð sem virðist vera að skapast um að verðtryggja krónutölugjöld með almennum verðlagsforsendum. Óeðlilegt er að miða blint við almennan mælikvarða, eðlilegra er að miða við stöðuna á þeim markaði sem við á í hverju tilviki. Hækkunir á gjöldum hækka oft verðlag á vörum sem kemur beint fram í minni

eftirspurn. Þetta sést skýrt varðandi eldsneyti og áfengi á undanförunum misserum svo dæmi séu tekin. Það er því vandséð að hækkun gjalda skili í raun jákvæðum tekjuáhrifum.

Enginn grundvöllur er fyrir þeim hækkunum áfengisgjalda sem lagðar eru til í frumvarpinu. Opinberar sölutölur á áfengi frá ÁTVR sýna áfram veikburða þróun, eins og verið hefur síðustu misseri. Lítil söluvöxtur er á léttvíni og bjór á fyrstu 11 mánuðum ársins en 5% samdráttur er í sölu sterkra vína. Á meðan aukast fréttist af smygli á áfengi og heimabugg virðist breiðast hratt út eins og nýleg könnun á vegum FA sýnir glögglega. Um helmingur ungs fólks (18-29 ára) verður var við aukið heimabugg og smygl samkvæmt henni. Sala á sterku víni í ÁTVR stefnir í 230 þús. lítra á þessu ári. Árið 2008 seldust 376 þús. lítrar. Samdráttur í opinberri sölu er því um 40% á fjórum árum. Enginn getur haldið því fram að raunveruleg neysla hafi dregist svona mikið saman. Neysla sterkra vína hefur að líkindum minnkað eitthvað, en sennilegast hefur mikil tilfærsla orðið yfir í smyglað sterkt vín og heimabugg. Þar eru tapaðar skatttekjur. Tollurinn áætlað að 26 þúsund lítrum af sterku víni sé smyglað á ári (11% af sölu ÁTVR). Heimabugg er eflaust hærri tala. Það eru engin rök fyrir því að hækka áfengisgjöld á meðan þetta er staðan. Ljóst er að ríkið verður árlega af hundruðum milljóna í skatttekjur vegna ólöglegs áfengis og kannabisefna. Það er tímabært að endurskoða skattlagningu allrar neyslu á áfengi í landinu, ekki bara opinberrar neyslu.

d) Hækkun almenns tryggingagjalds og lækkun atvinnuþryggingagjalds

Nettó-lækkun tryggingagjalds skv. frumvarpinu er 0,1 prósentustig. Það eru vonbrigði. „Nettó-lækkun tryggingagjaldsins ætti að hafa jákvæð áhrif á ráðstöfunartekjur heimilanna þar sem hún leiðir til lækkunar á tilkostnaði fyrirtækja sem gerir þau betur í stakk búin til að greiða hærri laun. Lengja vinnutíma eða fjölga starfsmönnum“, segir í frumvarpinu. Að sjálfsögðu er það rétt en breytingin er óveruleg og hefur því nánast ekkert að segja. Félag atvinnurekenda telur að lækkun tryggingagjaldsins þurfi að vera mun meiri, sérstaklega þegar litið á þá miklu hækkun sem orðið hefur á gjaldinu frá 2008.

e) Breytingar á fjársýsluskatti

FA hefur áður bent á að þessi skattlagning bætist við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki og viðbótar eiginfjárkröfur á banka sem FME setur. Það er einsýnt að fjármálafyrirtæki velti hluta af aukinni skatt- og eiginfjárbyrði beint yfir á viðskiptavinum sína, fyrirtækin og heimilin í landinu í formi hærri vaxtakjara. Mikilvægt er Alþingi fjalli um þetta samhengi þegar svona skattlagning er ákveðin. Á því hefur verið misbrestur.

f) Virðisaukaskattur á gistiþjónustu í nýtt 14% skattþrep

FA bendir á að engin stefnumörkun liggur fyrir um þriggja þrepa skattkerfi og það virðist vera óþægilega auðvelt að bæta þriðja þrepinu við án sérstakrar umræðu. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og fleiri aðilar hafa tiltekið sérstaklega að ekki sé ráðlegt að fara í þriggja þrepa skattkerfi, enda kerfið nægilega flókið fyrir og of langt á milli þeirra skattþrepa sem fyrir eru. Þessir aðilar hafa raunar frekar viljað sjá eitt þrep virðisaukaskatts hér á landi.

III. ÖNNUR ATRIÐI

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda